

björnssyni, kr. 3.796.792 ásamt 7% ársvöxtum frá 13. maí 1970 til 16. maí 1973, með 9% ársvöxtum frá þeim degi til 15. júlí 1974 og með 13% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, kr. 650.000 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að telja að viðlagðri aðför að lög-
um.

Miðvikudaginn 12. nóvember 1980.

Nr. 102/1980. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)

gegn

Jóni Jónssyni

(Jón E. Ragnarsson hrl.).

Skjalafals.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómaramarnir Logi Einarsson, Magnús Þ. Torfason, Sigurgeir Jónsson og Þór Vilhjálmsson og Þorsteinn Thorarensen, settur hæstaréttardómari.

Máli þessu er skotið til Hæstaréttar að ósk ákærða, en því er einnig áfrýjað af hálfu ákærvaldsins til þyngingar.

Aðiljar hafa ekki æskt þess, að ákvæði héraðsdóms um skaðabætur verði tekið til endurskoðunar, sbr. 1. mgr. 147. gr. laga nr. 74/1974.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Dæma ber ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 150.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, 150.000 krónur.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Jón Jónsson, greiði allan áfrýjunarkostnað

sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 150.000 krónur og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns E. Ragnarssonar hæstaréttarlögmanns, 150.000 krónur.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 23. janúar 1980.

Ár 1980, miðvikudaginn 23. janúar, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Halldóri Þorbjörnsyni yfirsakadómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 31/1980: Ákærvaldið gegn Jóni Jónssyni, sem tekið var til dóms sama dag.

Mál þetta er höfðað með ákæru, dags. 8. þ. m., gegn Jóni Jónssyni verkamanni, Írabakka 16, Reykjavík, fæddum 13. september 1946 í Reykjavík, „fyrir skjalafals samkvæmt 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 með því að falsa í ágúst 1979 nafn Ólafs Sigurjónssonar sem útgefanda á þrjá tékka á eyðublöð frá Sparisjóði vélstjóra og nota í viðskiptum í Reykjavík:

1. Nr. 808419, kr. 40.000, dagsettur 7. ágúst, til handhafa, með reikningsnúmeri 2618. Notaður til greiðslu á vörum í verslun Karnabæjar.

2. Nr. 808420, kr. 5.000, dagsettur sama dag, til handhafa, með reikningsnúmeri 732. Notaður til greiðslu á veitingum í Sjóbúðinni á Grandagarði.

3. Nr. 808423, kr. 92.540, dagsettur sama dag, til Guðmundar Andréssonar, gullsmíðavinnustofu. Keyptir skartgripir þar.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar.“

Í máli þessu hefur Karnabær h/f krafist þess, að ákærði verði dæmdur til þess að greiða 40.000 kr. ásamt 4% mánaðarvöxtum frá 15. ágúst 1979 til greiðsludags (sbr. ákærulið 1). Þá hefur Gullsmíðavinnustofa Guðmundar Andréssonar s/f krafist bóta að fjárhæð 12.800 kr. (sbr. ákærul. 3).

Málsatvik eru þau, að aðfaranótt þriðjudagsins 7. ágúst 1979 kom ákærði til Reykjavíkur frá Þorlákshöfn með áætlunarbifreið og sat á leiðinni hjá Ólafi Sigurjónssyni úr Þorlákshöfn. Höfðu báðir komið með m/s Herjólf frá Vestmannaeyjum um nóttina. Á leiðinni komst ákærði yfir veski Ólafs, að eigin sögn með þeim hætti, að Ólafur fékk ákærða veskið og bað hann

kaupa farseðil fyrir sig, og er ákærði hafði gert það, láðist honum að fá Ólafi veskið aftur. Í veskinu var m. a. tékkhefti Ólafs. Daginn eftir notaði ákærði í viðskiptum þrjá tékka, sem hann hafði gefið út á eyðublöð úr heftinu og falsað nafn Ólafs undir. Er þessum tékkum rétt lýst í ákæru, bæði gerð þeirra og notkun. Þá kemur fram af gögnum málsins, að síðdegis 7. ágúst kom ákærði að Sparisjóði vélstjóra til þess að selja þar tékka, en hitti þá svo á, að Ólafur var þar fyrir, og leiddi það til handtöku ákærða.

Við rannsókn málsins fannst veski Ólafs heima hjá ákærða og komst til skila. Ákærði greiddi tékka þann, sem hann hafði selt í Sjóbúðinni, og upp í tékka þann, sem hann hafði verslað fyrir í gullsmíðaversluninni, komust til skila 7.200 kr. í peningum og hringar þeir, sem ákærði hafði keypt þar, að verðmæti 72.540 kr. Er tekið tillit til þess í skaðabótakröfunni.

Ákærði hefur þannig framið brot þau, sem hann er ákærður fyrir og varða við 155. gr. alm. hegningarlaga.

Ákærði varð 1965 uppvís að nytjastuldi, en ákæru var frestað skilorðsbundið. Síðan hefur hann sætt þessum refsisdómum:

- 1966 5.000 kr. sekt fyrir ölvun við akstur
- 1967 10 daga varðhald fyrir umferðarlagabrot
- 1968 4 mán. skilorðsbundið fangelsi fyrir líkamsárás
- 1972 3 mán. fangelsi fyrir nytjastuld og ölvun við akstur.
- 1973 4 mán. fangelsi fyrir skjalafals
- 1973 2 mán. fangelsi fyrir hylmingu
- 1975 2 mán. fangelsi fyrir þjófnað
- 1977 75 þús. kr. sekt fyrir ölvun við akstur
- 1979 (11. júní) 1 mán. fangelsi fyrir þjófnað

Refsing ákærða verður ákveðin fangelsi 4 mánuði.

Skaðabótakröfurnar, sem ákærði hefur samþykkt, verða teknar til greina. Þá verður ákærði dæmdur til greiðslu sakarkostnaðar.

Dómsorð:

Ákærði, Jón Jónsson, sæti fangelsi 4 mánuði.

Ákærði greiði:

1. Karnabæ 40.000 krónur ásamt 4% mánaðarvöxtum frá 15 ágúst 1979 til greiðsludags,
2. Gullsmíðastofu Guðmundar Andréssonar s/f 12.800 krónur.

Ákærði greiði kostnað sakarinnar.